# ÚTSKRIFT ÚR FUNDAGERÐABÓK

# MENNINGAR- OG TÓMSTUNDARÁÐS

# HÚNAÞINGS VESTRA

Mánudaginn 15. október 2012 kl. 9 kom Menningar- og tómstundaráð Húnaþings vestra saman til 108. fundar í Ráðhúsinu á Hvammstanga. Mæting samkvæmt undirskriftum.

Dagskrá:

1. Fjárhagsáætlun Bóka- og skjalasafns Húnaþing vestra.
2. Fjárhagsáætlun og önnur málefni Íþrótta- og tómstundafulltrúa
3. Eldur í Húnaþingi
4. Önnur mál

Afgreiðslur:

1. Bóka- og skjalavörður lagði fram drög að fjárhagsáætlun fyrir árið 2013, ræddi einnig um skráningu á skjalasafni. Upplýsti að vinnu við Högnasafnið er lokið og vinnu við Eylandssafnið er að ljúka.
2. Íþrótta- og tómstundafulltrúi lagði fram drög að fjárhagsáætlun 2013 fyrir sundlaug, íþróttamiðstöð og félagsmiðstöðina Oríon. Upplýsti að aðsókn í íþróttamiðstöð og sundlaugina hefur aukist talsvert milli ára.Ræddi einnig að Ungmennaráðið hefur tekið til starfa og hefur þegar haldið sinn fyrsta fund.
3. Lögð fram og kynnt lokaskýrsla um hátíðina Eldur í Húnaþingi 2012. Ráðið vill þakka fráfarandi verkefnastjórum og unglistarnefnd fyrir vel unnin störf og frábæra hátíð.

Fundargerði upplesin og samþykkt. Fundi slitið kl. 10:35.

| | |
|---|---|
| Halldór Sigfússon | Guðmundur Ísfeld |
| Guðrún Lára Magnúsdóttir | Pétur Arnarsson |
| Karólína Gunnarsdóttir | Jóna Gunnarsdóttir áheyrnarfulltrúi |